

# Hvað gerist í Balí?

Samningaviðræður í loftslagsmálum: Staða og næstu skref

Kynning fyrir fréttamenn – nóv. 2007

Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneytinu

# Loftslagsfundurinn í Balí og staðan í samningaviðræðum

1. Bakgrunnur: Loftslagssamningur S.þ. og Kýótó-bókunin
2. Samningaviðræður um nýtt alþjóðlegt samkomulag eftir 2012
3. Helstu umræðuefni í væntanlegu framtíðarsamkomulagi
4. Hvað gerist í Balí?

## Loftslagssamningur S.þ.

- Rammasamningur S.þ. um loftslagsbreytingar, samþykktur í Ríó 1992; tók gildi 1994:
  - Loftslagsbreytingar eru sameiginlegt viðfangsefni mannkyns
  - Markmið: Styrkur GHL valdi ekki “hættulegum breytingum”
  - Ríki skulu setja upp bókhald um útstreymi GHL
  - Gera landsáætlanir um aðgerðir til að draga úr losun, bregðast við breytingum, aðstoða þróunarríki
  - Árleg aðildarríkjaþing: Fjallað um framkvæmd samningsins + pólitísk umræða á ráðherrastigi

## Kýótó-bókunin

- Kýótó-bókunin samþykkt í des. 1997
  - Lykilákvæði: Bindandi töluleg markmið í útstreymi GHG á tímabilinu 2008-2012, miðað við 1990: að meðaltali um 5% fyrir þróuð ríki (36 “Viðauka-I ríki)
  - Nær til 6 lofttegunda: CO<sub>2</sub>, CH<sub>4</sub>, N<sub>2</sub>O, HFC, PFC og SF<sub>6</sub>
  - Markmiðum má ná með: 1) Samdrætti í útstreymi, 2) Bindingu CO<sub>2</sub> með skógrækt og landgræðslu eða 3) Kaupum á kvóta og “sveigjanleikaákvæðum”, s.s. loftslagsvænni þróunaraðstoð

# Kýótó-bókunin

## - skuldbindingar helstu ríkja

- ESB: -8%
  - Þýskaland, Danmörk: -21%
  - Bretland: -12,5%
  - Ítalía: -6,5%
  - Frakkland, Finnland: 0%
  - Svíþjóð: +4%
  - Írland: +13%
  - Spánn: +15%
  - Grikkland: +25%
  - Portúgal: +27%
- Sviss, A-Evrópuríki: -8%
- Bandaríkin: -7%
- Japan, Kanada, Pólland: -6%
- Rússland, Úkraína, Nýja-Sjáland: 0%
- Noregur: +1%
- Ástralía: +8%
- Ísland: +10% + “ísl. ákvæðið”

## Samningaviðræður um nýtt alþjóðlegt samkomulag eftir 2012

- Gildistíma Kýótó-bókunarinnar lýkur 2012
- Samningaviðræður um framhald Kýótó hófust 2006, en með takmarkað umboð, þ.e. eingöngu að skoða tölulegar skuldbindingar Viðauka-I ríkja eftir 2012; þróuð ríki telja slíkt ófullnægjandi
- Umræðufundir um bættu framkvæmd Loftslagssamningsins fóru fram 2006-2007; niðurstöður þeirra gætu orðið grundvöllur að víðtækara samkomulagi, sem næði til allra ríkja

## Hvað gerist í Balí?

- Balí-fundurinn er 13. aðildarríkjafundur Loftslagssamningsins og 3. fundur Kýótóbókunarinnar
- IPCC kynnir 4. úttekt sína á loftslagsbreytingum, þ.á m. á afleiðingum þeirra og möguleikum á að bregðast við þeim
- Margir vonast til að Balí samþykki umboð til nýrra víðtækra samningaviðræðna, með þátttöku **allra** ríkja – og tilgreini helstu viðfangsefni framtíðarsamkomulags
- Nýtt samkomulag samþykkt í Kaupm.höfn 2009?

# Hvað gerist í Balí?

- Fyrirkomulag nýrra samningaviðræðna – helstu sjónarmið:
  1. Einn heildarsamningur f. öll ríki: Ísland, ESB, Ástralía, önnur þróuð ríki
  2. Kýótó-II f. þróuð ríki + nýr “pakki” um aðkomu þróunarríkja: Brasilía, S-Afríka
  3. Kýótó-II f. þróuð ríki + engar nýjar skuldbindingar f. þróunarríki: Kína, Indland, olíuríki
  4. Engar bindandi skuldbindingar, en sameiginlegt markmið auk sjálfviljugra markmiða einstakra ríkja: Bandaríkin

# Hvað gerist í Balí?

- Helstu umfjöllunarefni í framtíðarsamkomulagi:
  - Hnattrænt langtímamarkmið: 2°C? -50% losun til 2050? Jafnvægisstyrkur GHL í andrúmslofti?
  - Er Kýótó-leiðin (bindandi landskvótar) rétt?
  - Setja á fót hnattrænan kolefnismarkað?
  - Hvað eiga þróuð ríki að skera losun mikið niður? 25-40% til 2020?
  - Hvernig á að reikna út sanngjarnar skuldbindingar (þróaðra) ríkja?
  - Hvernig eiga þróunarríki að vera með? Nýjar tegundir skuldbindinga?
  - Hvað með Bandaríkin? Hlutverk ferla utan S.þ. í komandi samningum?
  - Er hægt að láta atvinnulífið taka meiri ábyrgð (geiranálgun)?
  - Hvernig á að efla þróun og yfirfærslu loftslagsvænnar tækni?
  - Er hægt að stöðva skógareyðingu? Auka bindingu kolefnis?
  - Á að efla starf að aðlögun – stórauka fjárstyrk til þróunarríkja?
  - Á að taka fastar á alþjóðaflugi og alþjóðasiglingum?

# Leiðir til að ná jafnvægi í styrk GHL í andrúmsloftinu

